



Reykjavík, 11. desember 2025

FAS24020034

Borgarráð

Tillaga að heimild til að draga á lán hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins CEB

Lagt er til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði veitt heimild til að draga allt að EUR 20.000.000 (þ.e. 20 milljónir evra) á lán nr. LD2188 hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins (e. Council of Europe Development Bank, CEB) á árinu 2025. Lántaka hjá CEB fellur undir lántökuáætlun ársins sem samkvæmt útkomuspá fyrir árið 2025 er áætluð 15.500 m.kr.

Einnig er lagt til að fjármála- og áhættustýringarsviði verði veitt heimild til að semja við innlend fjármálafyrirtæki um gjaldeyrisvarnir vegna lántökunnar að hluta eða öllu leyti.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg og CEB undirrituðu í júní 2024 lánasamning að fjárhæð EUR 100 milljónir en lánið er til fjármögnunar á viðhaldsátaki í húsnæði grunnskóla, leikskóla og frístundar. Þegar viðhaldsátakið var samþykkt var gert ráð fyrir að áætluð fjárþörf yrði 25-30 milljarðar króna. Fjármögnun frá CEB getur verið allt að 50% af fjárfestingunni á fjárhagsárunum 2023-2028. Árið 2023 voru fjárfestingar sem falla undir viðhaldsátakið um 4,8 milljarðar og um 5,1 milljarðar árið 2024. Það sem af er ári 2025 nemur fjárfestingin um 4,7 milljörðum. Í desember 2024 var fyrsti ádráttur á lánið að fjárhæð EUR 16 milljónir og í maí 2025 var gerður gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningur til fimm ára fyrir sömu fjárhæð. Til frekari upplýsinga er vísað til gagna sem lögð voru fram í borgarstjórn þann 5. júní 2024 þegar fyrirbyggjandi drög að lánasamningi við CEB að fjárhæð EUR 100 milljónir voru samþykkt.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík